

Kennsla á weebly forritið

Weebly er ókeypis á netinu og því hentugt fyrir skóla að nota það við vefsíðugerð. Það er notendavænt þar sem það er þægilegt og auðvelt að vinna með það. Það er hægt að búa til tvo mismunandi vefi án endurgjalds en vilji maður búa til fleiri þá er það gegn greiðslu.

Byrjað er á að búa sér til aðgang. Það er gert með því að slá inn slóðina www.weebly.com en þar birtist vinstra megin á síðunni kassi þar sem maður þarf að skilgreina nafn, netfang og aðgangsorð (password). Þegar því er lokið er smellt á sign up flipann fyrir neðan. Þegar því er lokið fær maður tölvupóst til að staðfesta aðganginn en það er ekki hægt að byrja að nota síðuna fyrr en því er lokið.

Þegar inn á vefinn er komið þá birtist kassi sem á stendur addsite og smellt er á hann, þá birtist síða með yfirskriftinni Let's get started, what's the focus of your site? Þar er boðið upp á að velja á milli þrenna möguleika, site (venjuleg heimasíða), blog og store (viðskiptasíða). Í þessu verkefni varð site fyrir valinu.

Þegar inn á site er komið þá birtist gluggi þar sem velja á útlit (choose a theme). Hægra megin á síðunni er blá rönd og er þar boðið upp á möguleikann all styles en þar er búið að flokka útlitum síðna í þemu (themes) og um að ræða all styles, bold, corporate, fun, large, image, minimalist, simple, sleek og unique. Ef þetta er valið er auðveldara að leita sér að útliti sem hentar því verkefni sem vinna á, en möguleikarnir eru margir.

Þegar búið er að velja útlit smellir maður á choose og þá kemur upp gluggi choose your website domain. En þar á að setja nafnið á slóðinni að síðunni. Þar er efsti möguleikinn valinn use a subdomain of weebly.com. Þegar vefsíðu er gefið nafn er skynsamlegt að nafnið vísi í innihald síðunnar, t.d. síða sem fjallar um grenndarkennslu væri hægt að nota <http://grenndarkennsla.weebly.com>. Ef nafnið er laust sem verður fyrir valinu þá er ýtt á continue möguleikann. Þá birtist gluggi með myndbandi sem kennir á forritið weebly surprisingly easy og þá möguleika sem það býður upp á.

Næst í stöðunni er að velja build my site og þá er komið inn á síðuna sem var verið að stofna. Í forritinu er stöðluð mynd sem birtist á síðunni. Til þess að breyta henni þarf að setja músina yfir myndina og smella á edit image. Þar er boðið upp á að sækja nýja mynd á Internetinu eða í eigin safni. Þegar nýja myndin er sótt býður forritið upp á að færa, stækka eða minnka myndina eftir þörfum. Forritið býður einnig upp á að vista myndina á þeirri síðu sem unnið er með en einnig á undirsíðum ef þær eru til staðar. Við hliðina á edit image hnappnum á mynd er tannhjól (settings). Þar er hægt að velja hve mikið pláss myndin á að taka á síðunni eða hvort það eigi yfirleitt að vera mynd.

Til þess að setja titil á síðuna er farið í settings á bláu línunni efst á síðunni. Þar er fyrst farið í site title, síðan change valið, nafnið sett inn og að lokum ýtt á save.

Hægt er að breyta um útlit hvenær sem er en þá er farið inn í change design sem er vinstra megin á síðunni og annað þema valið (custom themes). Einnig er hægt að breyta litum í bakgrunni sem er ofarlega á þessari síðu. Ef eiganda síðunnar langar að breyta bakgrunni vefsins og setja mynd í stað þess að hafa hann eingöngu litaðan eins og síðan birtist í upphafi þá er farið inn í select background.

Til þess að setja síðuna á netið þarf að fara í build og í hægra horninu er hnappur þar sem stendur publish.

Þegar kemur að því að fara setja efni inn á síðuna þá þarf að vera staddur í build sem er á bláu línunni ofarlega. Gráa stíkan sem er vinstra megin á síðunni er notuð til þess. Elementin sem eru þar eru dregin inn á vinnuborðið. Byrjað er að velja titil fyrir efnið sem á að birtast, það er gert með því að draga gráa elementið sem stendur á title yfir á vinnusvæðið. Þá birtist verkfæri sem segir click here to edit og þar er skrifað. Einnig birtist stíka sem býður upp á möguleika til þess að eiga við útlit textans.

Þegar þessu er lokið er komið að því að ákveða hvort svæðið fyrir neðan titilinn eigi að vera með einum dálk eða fleirum, t.d. fyrir mynd/ir og texta. Gráa elementið sem á stendur columns er dregið yfir á vinnusvæðið og þá kemur upp gluggi sem býður upp á fleiri en einn dálk columns 2 3 4 5. Á þessari sömu stíku má einnig sjá merki sem sýnir bil á milli dálka. Hægt er að eyða dálkum með því að fara í hægra hornið og ýta á x sem sýnir delet.

Til þess að setja mynd inn í dálk þá er gráa elementið image og það dregið yfir í dálkinn (columns). Til þess að minnka eða stækka dálkana má gera það með því að draga miðjulínuna til. Ef það á að vera texti í dálk þá er text elementið dregið inn í hann. Einnig er í boði element þar sem stendur image+text en þá ákveður forritið útlitið þ.e.a.s. hversu mikið pláss myndin fær og hversu mikið pláss textinn fær.

Þegar vinna á með myndina sjálfa þá er smellt á edit image sem birtist við myndina. Þar ýmsir möguleikar í boði, t.d. caption setja texta undir mynd, opacity hversu gegnsæ myndin er, fade hluti myndarinnar í þoki, effects/edges kantar á mynd, lightbox on þá birtist myndin stærri ef það er smellt á hana.

Í upphafi skilgreinir forritið þrjár síður home, about og contact. Til þess að breyta þessum titlum og bæta við síðum er farið inn í pages á bláu stíkunni. Þegar þar inn er komið birtist listi yfir þær síður sem komnar eru. Ef smellt er hnappinn að efstu síðunni þ.e. home, kemur vinnuborð á síðuna. Þar birtist gluggi page name og þar er hægt að nefna síðuna. Undir page layout er hægt að breyta headernum á síðunni, þ.e.a.s. í tall

header, short header, no header og landing page. Hver síða getur haft sitt útlit hvað þetta varðar.

Þegar unnið er með síðuna inn í build þá eru ýmsir fleiri möguleikar í boði en áður hefur komið fram. Það er t.d. hægt að setja línur til þess að skipta síðunni í kafla og þá er elementíð divider notað. Þá er hægt að hafa nokkrar fyrirsagnir á sömu síðunni þar sem smá texti eða mynd stendur undir. Gallery elementíð er notað þegar á að búa til myndasafn á síðu, en þá er farið í myndasafn og smellt á nokkrar myndir í einu sem koma allar inn á síðuna. Síðan er hægt að vinna með hverja mynd, boðið upp á add caption (skrifa setningu við mynd), add link (gert krækju á myndina að öðru vefsvæði). Einnig birtist ruslafata við hverja mynd sem þýðir að hægt er að henda einni í einu út. Ef röðunin á myndunum hentar ekki má færa þær til með því að draga þær á milli.

Til þess að fá undirsíðu á síður er farið í stjórnborðið pages. Þar er sú síða sem á að vera undirsíða dregin aðeins inn með því að smella á hana. Til þess að búa til nýja síðu þá er farið í add page+ vinstra megin í pages sem er appelsínugulur hnappur. Þar koma fram fjórar tegundir af síðum sem hægt er að velja um; standard, blog (notuð fyrir fréttir frá degi til dags), storepage og external link (síða sem fer með mann beint inn á ákveðna síðu).

Button elementíð í build er notað til þess að setja inn link

Document elementíð setur inn skjal og sýnir innihald þess opið á síðunni, t.d. mataruppskrift.

Insert file elementíð setur líka inn skjal en þá birtist linkur að skjali.

Social icons elementíð þar er hægt að setja inn facebook, pósthfang og önnur forrit sem notuð eru daglega.

Youtube elementíð þar er hægt að setja inn myndbönd af youtube. Verður að copy/paste vefslóðina að vídeóinu sem á að setja inn.